



**ORKUSTOFNUN**

**Krafla KJ-13. Afmæling og sýnataka eftir  
tveggja mánaða blástur að aflokinni  
endurborun**

**Halldór Ármannsson, Jón Benjamínsson**

**Greinargerð HÁ-JBen-83/02**

KRAFLA KJ-13. AFLMÆLING OG SÝNATAKA EFTIR TVEGGJA MÁNADA BLÁSTUR AÐ  
AFLOKINNI ENDURBORUN

Er virkjunin var stöðvuð 1983-10-27 vegna ísetningar nýrra gasþeysa, aflmældi Egill Sigurðsson holuna. Niðurstöður eru í töflu 1 og gefa til kynna umtalsverða aflrýrnun samfara auknu varmainnihaldi síðan í september, en þá fengust rúm 10 kg/s af háþrýstigufu (7 bar a) (Jón Benjamínsson 1983). Efnasamsetning (sjá töflu 2) hefur ekki breyst mikið. Þó hefur orðið nokkur gasaukning (úr 0,93% í 1,2%) síðan í september.

Afl holunnar er nú u.þ.b. 1,5 kg/s meira en það var í holunni nýboraðri (Valgarður Stefánsson o.fl. 1982), en gasstyrkur er nokkru minni. CO<sub>2</sub>/H<sub>2</sub>S hlutfall er áþekkt og í báðum tilvikum hefur kísilstyrkur reynst hár og bent til kvarshita >300°C.

HEIMILDIR

Jón Benjamínsson 1983: Septemberdagar í Kröflu. Aflmælingar og sýnataka. Orkustofnun OS83087/JHD29B, 24 s.

Valgarður Stefánsson, Ásgrímur Guðmundsson, Benedikt Steingrímsson, Halldór Ármannsson, Hjalti Franzson, Ómar Sigurðsson & Trausti Hauksson 1982: Krafla - Hóla KJ-13. Borun, rannsóknir og vinnslueiginleikar. Orkustofnun OS82046/JHD07, 108 s.



1983-11-16

TAFLA 2 KRAFLA KJ-13. Fyrstu niðurstöður efnagreininga sýnis frá 1983-10-29

Sýni nr	P <sub>s</sub> bar	H <sub>o</sub> kJ/kg	V A T N S F A S I				G U F U F A S I			
			pH/°C	CO <sub>2</sub> mg/kg	H <sub>2</sub> S mg/kg	SiO <sub>2</sub> mg/kg	Gas %	CO <sub>2</sub> mg/kg	H <sub>2</sub> S mg/kg	CO <sub>2</sub> /H <sub>2</sub> S
1070	8,8	2393	8,62/22	143	69,9	851	1,20	11131	826	13,5